

Alþingi
Erindi nr. P 130/406
komudagur 2.12.2003



Fuglavernd Pósthólf 5069 • 125 Reykjavík • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is


Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Skrifstofu Alþingis
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktun um að afnema friðun rjúpu

Stjórn Fuglaverndarfélags Íslands leggst alfarið gegn tillögu til þingsályktunar um að afnema nýlega friðun rjúpunnar til þriggja ára. Félagið ítrekar yfirlýsingu sína frá því í júlí í sumar þar sem umhverfisráðherra var hvattur til að friða rjúpu á fimm ár. Rjúpnastofninn stendur höllum fæti eins og rannsóknir Náttúrufræðistofnunar bera glögg vitni um og allt ber að gera til að hann nái að rétta úr kútnum. Róttækasta aðgerðin og sú sem líklegust er til árangurs er alfriðun í einhver ár. Hagsmunir fálkans eru í húfi, en rjúpan er aðalbráð hans og sterkur rjúpnastofn er forsenda þess að fálkinn haldist við í landinu. Íslendingar bera alþjóðlegar skuldbindingar gagnvart fálkanum (Bernarsamningur: Viðauki II, CITES-listi). Sterkur rjúpnastofn hlýtur einnig að vera ósk veiðimanna, til að tryggja veiðar í framtíðinni.

Þær leiðir sem lagðar eru til í þingsályktuninni, eru ekki eins árangursríkar og alfriðun. Stytting veiðitíma þarf að vera veruleg til að hafa áhrif, hún þarf að vera miklu meiri en gert er ráð fyrir í tillögunum, hámarksveiði á hvern veiðimann er aðgerð sem erfitt er að framfylgja og sama á við um bann við veiði ákveðna daga vikunnar. Hinar tillögurnar tvær, svæðisbundin friðun og tímabundið sölubann eru leiðir sem stjórn Fuglaverndarfélagsins hefur stutt. Það er mat stjórnar Fuglaverndarfélagsins að þær leiðir sem í sameiningu séu líklegastar til að skila árangri við að stjórna veiðum að lokinni friðun eftir þrjú ár séu sölubann, stytting veiðitíma og griðlönd. Friðuninni þarf að fylgja eftir með ítarlegum rannsóknum á afföllum rjúpu. Fuglaverndarfélagið styður eindregið ákvörðun umhverfisráðherra um þriggja ára friðun, bág staða stofnsins er ótvíræð og sé einhver vafi um áhrif skotveiða í þeirri atburðarás þá skuli varúðarreglan gilda og rjúpan njóta vafans en ekki veiðimenn.

Stórkseyri 1. desember 2003


Jóhann Óli Hilmarsson, formaður